

# Reikningar

09.04.2025

Reikningar frá okkur eru alfarið á rafrænu formi og kröfur birtast í heimabankanum þínum um það bil viku eftir mánaðamót. Afrit af reikning er ekki sent í heimabankann þinn, en á Þjónustuvef og í Símaappinu getur þú nálgast afrit af reikningum. Auk þess getur þú skráð netfangið þitt í Símaappinu til þess að fá sent afrit af reikning í hverjum mánuði.

## Mikilvægar dagsetningar

Dagsetningar á reikningum geta verið ruglandi, en hér er það sem þú þarft að hafa í huga:

- **Útgáfudagur** er dagsetningin sem reikningurinn er gefinn út, en ekki dagurinn sem krafan birtist í heimabankanum þínum. Öll notkun og gjöld eftir þessa dagsetningu birtast á reikningi eftir *næstu* mánaðamót. Ef þú leigir til dæmis bíómynd í Síminn Bíó þann 1. mars, þá kemur hún ekki fram á reikningi fyrr en í byrjun apríl.
- **Gjalddagi** er gott viðmið um hvenær þú ættir að greiða reikninginn, en það gerir ekkert til þó þú missir af honum. Gjalddagi er alltaf **20. hvers mánaðar**.
- **Eindagi** er síðasti dagur til að greiða reikninginn áður en það leggjast dráttarvextir og mögulegur innheimtukostnaður á hann. Passaðu að greiða reikninginn fyrir eindaga til að forðast óþarfa aukakostnað!
  - Fyrir einstaklinga er eindagi **2. næsta mánaðar eða næsti virki dagur**.
  - Hjá fyrirtækjum er eindagi alltaf **30. hvers mánaðar**.



### Nærðu ekki að greiða fyrir eindaga?

Hafðu samband við þjónustuverið okkar og við leysum málið saman!

## Greiðsluleiðir

Við bjóðum upp á þrjár þægilegar leiðir til að greiða reikningana þína:

- **Boðgreiðsla** þar sem reikningurinn er greiddur sjálfvirkt með greiðslukorti og þú greiðir ekkert færslugjald af honum. Þú getur [skráð þig í boðgreiðslur í Símaappinu](#)
- **Beingreiðsla** þar sem reikningurinn er greiddur með sjálfvirkri millifærslu af bankareikningnum þínum, en þú greiðir færslugjald við stofnun kröfu í bankanum. Þú getur skráð þig í beingreiðslur í heimabankanum þínum.
- **Handvirk greiðsla í heimabanka** er sígilda aðferðin. Krafa er stofnuð í heimabankanum þínum í byrjun hvers mánaðar og þú greiðir hana handvirkt þegar þér hentar. Færslugjald bætist við reikninginn við stofnun kröfu í bankanum.

## Hvað er ég að borga fyrir?

Þú getur séð nákvæma sundurliðun á reikningunum þínum á Þjónustuvefnum og í Símaappinu!

### Reikningurinn er hærri en ég átti von á!

Algengustu ástæður fyrir óvæntri hækkun á reikningi er þegar þú bætir við þjónustu, leigir efni í Sjónumvarpi Símans eða ferðast og notar farsímamann í útlöndum. Kíktu á reikninginn þinn og athugaðu hvort það séu ekki einhver gjöld sem þú kannast við sem orsaka hækkunina.

Ef þú ert nýr viðskiptavinur, eða bættir við þjónustu í miðjum mánuði, gætir þú fengið reikning fyrir mánaðargjöldum frá og með deginum sem þjónustan var stofnuð ásamt mánuðinum á eftir á sama reikningnum.



### Er villa á reikningnum?


Hafðu samband við þjónustuverið okkar ef þú sérð eitthvað á reikningnum þínum sem ætti ekki að vera þar. Við athugum málið og leiðréttum reikninginn ef mistök hafa átt sér stað.

## Hvernig skrái ég mig í boðgreiðslur?

Skráning í boðgreiðslu er alfarið í sjálfsafgreiðslu. Þjónustuverið okkar getur ekki tekið við greiðslukortaupplýsingum í gegnum síma eða á netspjallinu.

### Skráning fyrir einstaklinga

Þú getur skráð reikningana þína í boðgreiðslu í Símaappinu með því að fara inn í Aðgerðir -> Reikningar og skrá kortaupplýsingarnar þínar þar.



### Skráning fyrir fyrirtæki

Til að skrá fyrirtæki í boðgreiðslu þarftu að skrá þig inn á þjónustuvefinn okkar.

- Veldu **Skipulag** -> **Reikningar í boðgreiðslu** efst á skjánum.
- Hakaðu við **Skrá reikninga í boðgreiðslur**.
- Fylltu út greiðsluupplýsingar og smelltu **Vista**.